

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur.

Raforkugjöld, varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur
Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi
reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm	18,89 kr./dag
B: 25 mm til 50 mm	39,46 kr./dag
C: 65 mm og stærri	79,99 kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxta annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun 57,28 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningsundlaugar 17,20 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús 28,64 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar 28,64 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi 28,64 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir 43,01 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn 28,64 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

Sérstakur taxti fyrir snjóbræðslu.

IS1. Snjóbræðsla

Framrásavatn

Fastagjald 239,98 kr./dag

SR1 28,64 kr./m³ útihiti hærri en -5°CSR2 85,91 kr./m³ útihiti -5°C eða lægri*Bakrásarvatn úr kerfi Orkuveitunnar*Tvöfalt dreifikerfi fyrir hendi: árgjald 23,08 kr./m²Orkuveitan kostar sérstakt dreifikerfi: árgjald 92,31 kr./m²

Miðað er við að kerfið fái a.m.k. 5 l/klst pr. fermetra af 30°C heitu bakvatni við 0°C. Ef mælingar sýna að notandi fær ekki nægjanlegt bakvatn við rétt hitastig skerðist upphæðin í réttu hlutfalli.

Sérstakt samkomulag þarf að gera um viðskipti samkvæmt þessum taxta og tekið skal fram að ekki er hægt að afhenda samkvæmt taxtanum í öllum tilfellum. Bakrásarvatn, sem Orkuveitan afhendir skv. slíku samkomulagi, er úr kerfi Orkuveitunnar, en viðskiptaaðilum er frjálst að nýta eigið bakrásarvatn án sérstakra greiðslna.

3. gr.

*Raforka.***3.1 Almenn orkunotkun.**

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

A.1. Almenn notkun:

Fast gjald	7,90	kr./dag
Orkugjald	5,99	kr./kWh

A.4 Blönduð notkun:

Fast gjald	30,46	kr./dag
Orkugjald	3,61	kr./kWh

3.2 Afl- og orkunotkun.

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útílysing.

Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

B.1 Afl- og orkumæling:

Fast gjald	135,65	kr./dag
Aflgjald	22,99	kr./kW/dag
Vetrarorkugjald	3,73	kr./kWh
Sumarorkugjald	1,72	kr./kWh

B.2 Útílysing

Aflgjald	62,94	kr./kW/dag
Viðhaldsgjald	66,10	kr./kW/dag

3.3 Rofin orkunotkun.

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:

Fast gjald	22,56	kr./dag
Orkugjald með rofi í nóvember-febrúar	3,17	kr./kWh
Orkugjald með rofi í desember-janúar	3,44	kr./kWh

R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Vetrarorkugjald með rofi í nóvember-febrúar	3,99	kr./kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í desember-janúar	4,50	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,95	kr./kWh
R.3	Naturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Orkugjald	2,60	kr./kWh
R.4	Naturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Vetrarorkugjald	3,11	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,59	kr./kWh

3.4 Tímaháð orkunotkun.

Tímaháð orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

T.1	Tímataxti:		
	Fast gjald	339,13	kr./dag
	Lágverð	3,08	kr./kWh
	Miðverð	5,72	kr./kWh
	Háverð	14,27	kr./kWh

Gildistími verðþrepa:

Lágverð	október til apríl maí til september	kl. 21-09 allan sólarhringinn
Miðverð	nóvember til febrúar virkir dagar nóvember til febrúar frídagar * október, mars og apríl	kl. 13-17 kl. 09-21 kl. 09-21
Háverð	nóvember til febrúar virkir dagar aðfangadagur og gamlársdagur	kl. 09-13 og 17-21 kl. 09-13 og 17-21

* Aðfangadagur og gamlársdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

4. gr.
Önnur gjöld.

4.1 Heimtaugagjöld.

H.1H Heitt vatn.

<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
20 mm	51.800
25 mm	108.000
32 mm	165.000
40 mm	335.000
50 mm	560.000
65 mm	1.125.000
80 mm	2.254.000
Tengigrind	5.610

H.1R Rafmagn.

<i>Málstraumur</i>	<i>Fjöldi fasa</i>	<i>Tengigjald kr.</i>
50 A	3-fasa	56.200
63 A	3-fasa	70.200
100 A	3-fasa	112.000
200 A	3-fasa	222.000
315 A	3-fasa	349.000
400 A	3-fasa	452.000
630 A	3-fasa	702.000
710 A	3-fasa	793.000
1200 A	3-fasa	1.343.000
1800 A	3-fasa	2.004.000
2400 A	3-fasa	2.675.000

H.2 Bráðabirgðaheimtaugar.

<i>Málstraumur</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Lengdargjald</i>	
		<i>Jarðstrengur kr./m</i>	<i>Loftlína kr./stólpi</i>
50 A 3-fasa	15.800	1.880	23.800
63 A 3-fasa	17.600	1.880	27.400
100 A 3-fasa	18.800	2.450	31.800
200 A 3-fasa	70.700	2.450	31.800

H.3 Sumarhúsaheimtaugar.

<i>Málstraumur</i>	<i>Heimtaugagjöld kr.</i>
35 A 1-fasa	218.000
35 A 3-fasa	240.800

4.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverði skv. taxta. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum. Fyrir mælitæki til annarra nota er leiga sem hér segir:

	<i>Verð kr./dag</i>
M.1 Orkumælir, einfasa	2,43
M.2 Orkumælir, þrífasa	9,60
M.3 Orkumælir, þrífasa með straumspennum	16,27
M.4 Aflmælir	16,27
M.5 Aflmælir með straumspennum	24,28
M.6 Tvígjaldsorkumælir	15,61
M.7 Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	23,85
M.8 Fjarstýriliði	10,75
M.9 Púlsmagnari	16,27

4.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar 6.231 kr.
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

4.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda 1.180 kr.

4.5 Innheimtugjald.

	kr.
Seðilgjald	200
Vanskilagjald (15 dögum eftir gjalddaga)	450
Ítrekunargjald (6 vikum eftir gjalddaga)	900
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur, og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð nr. 793/1998, og auglýsingu nr. 436/1999, til að öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 156, 19. febrúar 2001, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatnsmagn, er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

- | | |
|---|--------|
| 1. Heitt vatn um rennslismæli: | kr. |
| A. Fyrir hvern rúmmetra vatns | 50,80 |
| 2. Mælaleiga: | |
| Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti. | |
| Því er skipt í þrjá flokka: | kr. |
| A. 15-20 mm | 6.574 |
| B. 25-50 mm | 13.730 |
| C. 65 mm og stærri | 27.834 |